

Vesturbæjarblaðið



Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is og mbl.is

JÚLÍ 2022

7. tbl. 25. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Árelíu Eydísi
Guðmundsdóttur



Um 200 sumarviðburðir í miðborginni

Búið er að skipuleggja hátt í 200 viðburði gestum miðborgarinnar að kostnaðarlausu í allt sumar. Verkefnið nefnist Sumarborgin og er samstarfsverkefni með það að markmiði að efla mannlíf og menningu og styðja þannig við fyrirtæki, verslun, veitingastaði og aðra þjónustu í miðborginni.

Í frétt frá Reykjavíkurborg segir að hvergi á landinu sé eins mikið af veitingastöðum, verslunum, menningu og annarri þjónustu á einum og sama staðnum eins og í miðborg Reykjavíkur. Yfir 60 verkefni, listafólks, rekstraraðila og viðburðahaldara fengu styrk úr viðburðapotti Sumarborginnar og hægt verður að dansa, ganga, hlusta á tónlist, sinna umhverfinu, fræðast og skemmta sér.

Ný almenningssvæði hafa litíð dagsins ljós eins og torgið við Tryggvagötu sem efla mannlíf og félagslega sjálfbærni í miðborginni. Ný götugögn hafa birst í umhverfinu og má þar m.a. nefna rólar við Hallgrímskirkju, tollkolla í Tryggvagötu og sólstóla á Austurvelli ásamt aukinni setaðstöðu víða um miðborgina. Rekstraraðilar eru farnir að færa sig út undir bert loft og skapa þannig aukin dvalarsvæði í miðborginni og mannlífið blómstrar eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílnum



AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Fáðu lyfin send heim FRÍTT

FAGLEG RÁÐGJÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

REYKJAVÍKUR  APÓTEK
Héðinshúsinu Seljavegi 2

Persónuleg ráðgjöf lyfjafræðings
Hagstætt verð



Tilboð
Bláber & Jarðarber

Melabúðin
VERSLUN SÆLKERANS

SÆLKERAVERSLUNIN ÞÍN!

Grillkjötborðið
- bíður þín og allt meðlætið

Glæný silungsflök frá Tungusilung
- frábær á grillið



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

7. tbl. 25. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107, 102 og 101.

Nýr meirihluti

Borgarstjórnarkosningar eru afstaðnar. Nýr meirihluti er tekinn til starfa. Þótt hann standi að hluta saman af sömu stjórnsmálaöflum og unnu saman í fyrri meirihluta er hann engu að síður nýr. Nýr aðili hefur mætt til leiks og annar horfið frá. Það er eðlileg þróun stjórnsmála.

Allar lýkur eru að nýr meirihluti muni áfram standa að þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað í Reykjavík á undanförunum árum. Einnig eru líkur til að ráðist verði í átak og aukna fjölbreytni á sviði húsnæðismála þar sem mikil þörf er fyrir húsnæði.

Vinna þarf áfram að þéttingu byggðar en nauðsyn ber einnig til að leita á ný mið. Taka nýtt land undir byggingar til að mæta uppsafnaðri þörf fyrir húsnæði.

Nýr meirihluti mun þurfa að takast á við áskoranir í umferðarmálum. Þar skorar bygging Borgarlínu hátt, bygging Sundabrautar einnig og krafa um fjölbreytta ferðamáta. Má þar nefna öruggar almenningsgöngur, hjólreiðar, skutlur og síðan einkabíla.

Einkabíllinn hefur verið nokkuð til umræðu og talsvert deiluefni í borgarmálunum. Þeim sjónarmiðum að hann verði megin samgöngutæki í framtíðinni er öðru hvoru haldið á lofti. Einkabíllinn er ekki á förum en notkun hans mun breytast. Hann verður meira nýttur til ferðalaga en skulds til og frá vinnustaðar. Sú þróun á sér stað víða um veröld.

Uppeldis- og fræðslumál eru stór hluti af starfi sveitarfélaga. Um þau þarf að halda af festu. Efling skólustarfs fyrir yngsta fólkið er þar á meðal. Þar þarf að efna til átaks. Fátt bendir til annars en meirihluti borgarstjórnar ætli að standa fast í þeim málum.

KR svæðið

Telja bílastæðapörf vanmetna



Á þessari tölvugerðu mynd má sjá hvernig syðri hluti Kaplaskjólsvegar mun koma til með að líta út að framkvæmdum loknum.

Nágrannar KR-svæðisins við Frostaskjól telja bílastæðapörf vanmetna í nýju deiliskipulagi. Sumir þeirra telja þörf á allt að 400 bílastæðum í kjallara undir nýjum KR velli. Hið nýja deiliskipulag var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar fyrir skömmu. Miklar breytingar verða á svæðinu ef skipulagið kemst til framkvæmda. Eins og þegar hefur komið fram í Vesturbæjarblaðinu er áformað að reisa knattús auk þess sem gert er ráð fyrir því að aðalknattspyrnuvelli félagsins verði snúið og um hundrað íbúðir byggðar, með verslunar- og atvinnuhúsnæði á jarðhæðum, í kringum hálfan völlinn.

Húsfélögin við Meistaravelli 31, 33 og 35 sendu erindi til umhverfis- og skipulagsráðs þar sem því var komið á framfæri að íbúar teldu að það þyrfti að gera bílastæðakjallara fyrir um 400 bíla undir knattspyrnuvöllinum. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir því að 120 bílastæði verði inni á reitnum, þar af 71 stæði í norðvesturhluta reitsins, fjærst fyrirhuguðum íbúðarhúsum. Við nýju íbúðarhúsin er aðallega gert ráð fyrir bílastæðum í götunni. Stjórnir tveggja húsfélaga við Flyðrugrandu sögðust telja að áætluð bílastæðapörf væri

stórlega vanmetin og að afleiðingarnar komi til með að verða þær að skortur á bílastæðum og umferðarálag verði verulega íþyngjandi fyrir íbúa í húsunum og annarri nærliggjandi byggð.

Yfirþyrmandi byggingaráform

Í athugasemdum sem komu frá húsfélögum við Kaplaskjólsvog og Flyðrugrandu vegna fyrirhugaðra bygginga í tengslum við endurbyggingu íþróttasvæðis KR kom einnig fram að þau byggingaráform sem fyrirhuguð eru á lóðinni séu yfirþyrmandi. Í athugasemdunum er meðal annars bent á að gert sé ráð fyrir samfelldri 145 metra langri húsaröð með fram Flyðrugrandanum og 140 metra langri húsalengju með fram Kaplaskjólsvogi. Knattspyrnufélag Reykjavíkur skipuleggur svæðið og mun fyrirhuguð uppbygging húsnæðis verða á þeirra vegum. Gert er ráð fyrir að KR geti nýtt ágóðann af fasteignauppbýggingunni í þágu félagsins, líkt og gert var á Valssvæðinu þó að uppbyggingin við Frostaskjól sé á mun minni skala en sú sem hefur átt sér stað á vegum Valsmanna á Hlíðarenda.



Netverslun: systrasamlagid.is

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

FYRIRTAK

málningarþjónusta

TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI

VISA MÅNADUR LÁN AÐ 36 MÅNADUR



Kauptu Myllu
hamborgara-
kartöflubrauð fyrir
þína hamborgara

Á Íslandi er alltaf tími til að grilla

Þéttari og mýkri hamborgarabrauð!

Auðvitað er ekkert betra en eka íslenskt grill – íslenskt brauð, íslenskt kjöt og íslenskt veður. Gerðu hamborgarann meira djúsi, kauptu Myllu hamborgarakartöflubrauð fyrir þína hamborgara, strax í dag. Tendraðu grillið.



Vertu glaður í bragði
og fáðu þér Myllu
pylsukartöflubrauð
fyrir pylsumar



Alltaf nýbakað
síðan 1959

Við þurfum fjölbreytileika

- segir Árelía Eydís Guðmundsdóttir nýkjörin borgarfulltrúi

Árelía Eydís Guðmundsdóttir tók sæti í borgarstjórn á dögnum sem annar maður af lista Framsóknarflokksins. Hún hefur ekki tekið þátt í stjórnámálum með beinum hætti en látið þjóðmál og einkum málefni manneskjunnar sig varða. Hún hefur meðal annars starfað sem dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og á að baki langa reynslu af kennslu við háskóla. Hún hefur einnig stundað ritstörf og eftir hana liggja bæði greinar og bækur á fræðilegu sviði en einnig skáldsagnagerð. Hún hefur lagt sig fram um að skrifa handbækur sem nýtast fólki við stefnumótun í lífi sínu. Hún hefur einnig haldið fjölmörg námskeið á því sviði. Árelía Eydís hefur setið í mörgum stjórnnum, nefndum og ráðum og komið að stefnumótun á mörgum sviðum samfélagsins og birtist reglulega í fjölmiðlum landsins. Þá hefur hún einnig starfað sem ráðgjafi hjá fyrirtækjum bæði hér og erlendis.

Árelía Eydís býr í hlýlegu húsi á horni Starhaga og Suðurgötu sem flutt var þangað á óbyggða lóð fyrir nokkrum árum og endurgert. Álfrún Perla dóttir hennar býr í næsta húsi sem einnig var reist á óbyggðri lóð fyrir skömmu. Þar næsta hús við götuna er Tungsberg þar sem Baldur Þórhallsson og Felix Bergsson búa en Baldur er faðir Álfrúnar Perlu. Þessi þrenning myndar óhefðbundna en samhenta fjölskyldu sem fjallað var um í Vesturbæjarblaðinu í byrjun þessa árs. „Þú kemur bara aftur á hornið. Í kaffi til mín,“ sagði Árelía Eydís þegar viðtal bar á góma. Eftir kaffidrykkju var sest að alvarlegri spjalli.

Hver ertu?

Hver ertu? „Þetta er góð spurning. Hver er ég. Þetta er bæði heimspekileg spurning og jafnvel einnig guðspekileg. Við erum vonandi öll eilífðar verur sem koma hingað í stuttan tíma. Ef ég staðset mig í tíma og rúmi þá er ég fædd 1966 og er alin upp bæði í Keflavík þar sem foreldrar mínir búa og síðan vestur á Ingjaldssandi þar sem afi minn og amma bjuggu. Ég skipti æskunni svolítið á milli. Var á hverju einasta sumri fyrir vestan. Fór vestur á vorin. Var í sauðburðinum og öðru sveitalífi þegar ég var krakki en fór svo suður á haustin. Ég er því sveitastelpa öðrum þræði. Ég er að

hluta utan af landi og kom hingað í borgina þegar ég var 18 ára til þess að fara í skóla. Ég hef verið hér að mestu leyti þótt ég hafi brugðið mér aðeins erlendis. Þetta er uppruninn. Svo á ég þrjú börn. Álfrúnu Perlu sem býr hér við hliðina við Starhaga. Hún er gift Árna Frey Magnússyni og þeirra barn er Eydís Ylva Árnadóttir sem er ný orðin tveggja ára. Ég á því eitt barnabarn. Svo á ég Kristínu Sigrúnu Áss Sigurðardóttir sem er 18 ára og er nú í sumar að vinna fyrir vestan á hóteli sem tengist fjölskyldu minni, heitir Holt Inn og er í Öfundarfirði og Óskar Davíð Áss Sigurðsson sem er 14 ára. Ég er heppin að eiga góð og heilbrigð börn.“

Háskólakennsla og ritstörf og svo borgarmálin

Hvað hefurðu verið að gera? „Lífsstarfið mitt hefur einkum verið við háskólakennslu en ég hef einnig stundað ritstörf. Ég hef blandað þessu tvennu dálítið saman. Og nú er ég komin í borgarmálin. Nú eru ákveðin kaflaskil í mínu lífi. Að vinda mér í pólitík og í framhaldi af því í sveitarstjórnarmálin hér í borginni.“ Hvernig kom til að þú fórst í borgarmálin. „Ég segi stundum að maður sé kallaður til einhvers en það var eiginlega tilviljun að ég fór í þetta. Á síðasta ári losnaði töluvert um hjá mér. Ég hætti í tveimur stórum stjórnnum



Heima í stofu við Starhagann, Árelía Eydís og dótturdóttirin Eydís Ylfa.

sem ég hafði setið í. Því varð rýmra í kringum mig og síðan fór miðjustelpa mín í skiptinám til Spánar. Fyrir tilviljun skapaðist rými fyrir mig til að fást við eitthvað nýtt. Þegar komið var að máli við mig eins og stjórnámálemenn segja hvort ég vildi taka þátt í pólitísku framboði til borgarstjórnar ákvað ég að slá til. Eitt af mínum gildum í lífinu er að vera óhræddur við prófa nýjar hliðar á sjálfum sér. Þessi hlið er þó ekki að öllu leyti ný því ég hef alltaf verið mikið félagsmálatróll.“ Árelía Eydís rifjar upp að hún hafi verið í þremur framhaldsskólum og síðan stundað nám við þrjú háskóla þar sem hún tók þátt í ýmsum félagsmálum. Nú hafi verið að skapað aðstæður til þess að get sinnt félagsmálum meira auk þess sem umönnunarbírdin hafi verið að léttast. „Mér finnst mikilvægt

að geta haft áhrif í kringum mig. Látið rödd mína heyrast í þágu fólks, sem má gera með ýmsum hætti. Eitt er að kenna, annað er að skrifa og svo er ein hliðin að stíga fram og segjast tilbúin til að þjóna til almannaheilla.“

Afi var framsóknarmaður

Af hverju Framsókn? „Já - það er góð spurning. Ég er að verulegu leyti úr sveit. Afi var gegnheill framsóknarmaður og amma studdi bara það sem afi gerði. Ég náði aðeins í skottið á því þegar lífið var ungmennafélagshreyfingin og Framsóknarflokkurinn. Ég hef líka alltaf verið mikið kvenréttindakona og studdi Kvinnalistann á sinni tíð. Ég hef ekki verið á einni línu í gegnum lífið. Núna fannst mér komið einstakt tækifæri. Framsóknarflokkurinn hafði ekki

borgarfulltrúa á liðnu kjörtímabili og kom því ekki að málum. Hann var því með nokkuð hreinan skjöld í borginni. Mér fannst því að í þessari stöðu væri hægt að hafa áhrif og móta stefnumálin og einnig starfið. Við sem komum að þessu núna erum öll ný á vettvangi borgarmálanna. Það er líka góður andi innan fólksins núna. Ég mat það þannig að við værum með skynsamlega forustu og sátst í kringum málin. Þannig fannst mér þetta liggja beint við.“ Árelía kveðst vera frekar mikil miðjukona. „Ég get verið til vinstri í ýmsum málum en einnig til hægri í öðrum en finn mig kannski best í miðjunni. En það er betra að orða þetta þannig að nú hafi verið lag í borginni. Hægt væri að byggja upp frá grunni í stað þess að fara inn í eitthvað sem væri orðið formfast svo fáu yrði



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

www.grantthornton.is

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

hnikað til. Tækifæri sem opnast ekki oft í stjórnmálum.“

Purfum fleiri kosti

Er verið að styrkja miðjuna með þessum meirihluta eða má frekar orða það þannig að hún hafi verið víkkuð út. „Algerlega. Ég held að við séum mikilvægur hlekkur. Þeir flokkar sem nú starfa saman finna sig að mörgu leyti með ákveðin samhljóð. Við höfum undirbúningsviðræðurnar á að fjalla um málefni barna þar sem við eru öll meira og minna samstíga. Það sem frekar ber á milli er að þeir flokkar sem voru saman í meirihluta voru einarðari í skipulagsmálum um að leggja mikla áherslu á þéttingu byggðar. Við sögðum að líka að gott væri að þetta borgina en það þyrfti fjölbreyttari kosti. Þannig að fólk sjái ekki fram á að geta bara farið í blokkaribúð miðsvæðis í borginni. Það er líka fólk sem vill fremur búa í jadrinum. En fyrir utan mismunandi sjónarmið að þessu leyti þá vantar húsnæði. Fólk hefur fjölgad mjög ört og ljóst að herða verður á byggingaframkvæmdum. Hið sama á við um samgöngumálin. Við þurfum að finna leiðir til þess að búa til borg þar sem fólk verður að geta gert ráð fyrir að vera á bíl en við viljum einnig styðja við bíllausan lífsstíl. Að fólk geti nýtt almenningsamgöngur og viljum þar af leiðandi byggja upp góða og hraðvirka borgalínu. Óflugar almenningsamgöngu eru framtíðarþróun sem við sjáum alls staðar í kringum okkur og víðar. Billinn verður áfram til staðar en notkun hans er farinn að breytast og mun taka meiri breytingum á komandi árum. Þarna á ég ekki síst við að fólk noti einkabíl minna til að fara til og frá vinnu. Fólk gerir ráð fyrir að hafa aðgang að góðu almenningsamgöngum en á síðan

bíl til þess að fara lengri ferðir. Billinn verður meira frístundataki. Við erum ekki að tala um að fólk sé algerlega bíllaust sem getur verið erfitt einkum fyrir fjölskyldufólk.“

Nota bílinn ef ég þarf að fara austur fyrir læk

Árelía Eyrún rifjar upp þann tíma sem hún stundaði nám í Bretlandi. „Ég bjó um tíma í litlu þorpi í nánd við háskólann í Essex. Ég var með bíl en þegar þegar ég fór inn til London hvarflaði aldrei að mér að fara á bílnum. Ég tók alltaf lestina og svo underground eða neðanjarðarlestina eða rauðu vagnana inn í borginni. Að fara á bíl var bara ávísun á vandræði. Eins þegar maður var að fara á flugvöllinn til að taka á móti fólk notaði maður alltaf almenningsamgöngurnar. Það var miklu einfaldara. Síðan er liðinn aldarfjórðungur og þetta er þróun sem flestir eða allir sem hafa búið erlendis þekkja. Ég er hér við Starhaga og nota bílinn lítið. Aðallega til að skreppa vestur – jú og ef ég á erindi austur fyrir læk. Ég gekk alltaf í Háskólann og nú í þessu nýja hlutverki mínu er ég farin að ganga niður í Ráðhús. Næsta skref er að labba í Borgartúnið þar sem höfuðstöðvar skóla- og frístundaráðs hafa aðsetur. Mér finnst gott að geta labbað. Það hreinsar hausinn á manni líka. Þetta er lífsstíll sem mér finnst eftirsóknarverður.“

Við þurfum fjölbreytileika

Árelía Eydís rifjað upp að hún hafi prufað að flytja í úthverfi. Í Norðlingaholtið í nokkur ár. „Ég var þar í austasta húsi borgarinnar. Ég segi stundum að ég hafi átt draum að búa útsvæðis. Að hluta uppalin vestur á Ingjaldssandi. Í

jaðri byggðarinnar með náttúruna við hendina. En fljótlega áttaði ég mig á því að hvað sem ég þyrfti að gera, að fara í bakarí eða búð eða bara í vinnuna þyrfti ég að nota bílinn. Ég gekk vissulega í náttúrunni en það var það eina sem ég gekk. Annað varð að fara í bíl. Við erum að byggja upp borg þar sem ekki eiga að vera meira en 15 mínútur í alla þjónustu. Hvort sem það er í skólann, frístundir búðir eða annað sem heyrir undir daglegt líf. Norðlingaholtið var ekki komið það langt á þeim tíma. Þar var engin verslun til dæmis og ég áttaði mig á því fyrir mig sjálfa að þetta hentaði mér ekki og ég flutti aftur í Vesturbæinn eftir tæp fjögur ár þar efra. En það var gott að prufa annað. Læra að þekkja mismunandi aðstæður.“ Árelía snýr sér að borgarumhverfinu og áhrifum þess. „Þau eru ýmiskonar. Margir vilja hafa náttúru í kringum sig. Aðrir kjósa miðborgarumhverfi. Við megum ekki gleyma því að við erum svo ólík. Erum með ólíkar þarfir og því verður umhverfið að geta boðið ólíka kosti. En við erum líka þannig að við þurfum á hvort öðru að halda. Við þurfum líka á náttúrunni að halda. Eitt af því sem hefur komið mér á óvart í sambandi við pólitíkina í borginni er hvað fólk skiptist í fylkingar og er fljótt að persónugera hluti. Annað er hversu mikill fókus er á oddvitana. Einskonar rörsýn á þá þótt margir fleiri komi eðlilega að málum. Fólk persónugerir málin. Er annað hvort með eða á móti einstaklingnum frekar en málefnum. Sveitarstjórnarmálin eru nær fólk en landsmálin. Það hefur áhrif á umfjöllunina. En við þurfum fjölbreytileika.“



BÚUM VEL



Sérhæfð lögfræðipjónusta með áherslu á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is

FALLEGIR LEGSTEINAR

ERUM FLUTT

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði
Opið 11-16
alla virka daga



Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Bergsteinar
legsteinagerð

ÓGLEYMANLEG
UPPLIFUN
Í MAT OG DRYKK

HÉÐINN
KITCHEN & BAR

SELJAVEGI 2,
101 REYKJAVÍK



Lýsing á Óðins- torgi verðlaunuð



Ljósum prýtt Óðinstorg.

Lýsingarhönnunin á Óðinstorgi var verðlaunuð á Íslensku lýsingarverðlaununum í ár. Óðinstorg hlaut verðlaun fyrir lýsingu utanhúss. Hönnuður er Dario Gustavo Nunes Salazar lýsingarhönnuður hjá Verkís og tók hann við viðurkenningunni við athöfn hjá Ljóstækni félagi Íslands.

Markmiðið með lýsingunni er að gera umhverfið leikandi og eru ljósgjafarnir felldir inn í landslag torgsins. Steiptan bekk, handrið og stalla, sem á þann hátt verða götugögn í sjálfu sér,“ að því er segir á vef Verkís. Frá núverandi götustaurum stafar hlutlaus birta en frá nýjum ljósgjöfum kemur hlýrri birta, sem á þátt í að skerpa andstæður milli umferðar- og dvalarrýmis torgsins. Þá er ljósmengun og orkunotkun haldið í lágmarki með því að nota nákvæma og nútímalega ljóstækni. Hönnun hins endurgerða Óðinstorgs var í höndum Balsalt arkitekta.

Græn lífsgæðaborg

- borg byggð á náttúru og sögu

Græn lífsgæðaborg er leiðarljós nýrrar borgarhönnunarstefnu sem er í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti nýverið að láta vinna borgarhönnunarstefnu sem fjallar með einföldum og skýrum hætti um gæði borgar-rýmis og byggðar.

Borgarhönnunarstefna á að tryggja heildstæða mynd borgarlandsins og styrkja karakter borgarlandslagsins. Henni er ætlað að standa vörð um gæði í uppbyggingu og endurnýjun eldri byggðar og setur kröfur um hlutfall grænna innviða. Í frétt frá Reykjavíkurborg segir að borgarhönnunarstefnan sé sett fram til að skapa heildstæða borgarmynd með sérkennum Reykjavíkur.

Byggja borg sem fólk tengir við, vill búa í og þykir vænt um. Borg sem er nútímaleg og er byggð til langs tíma. Borg sem er byggð með tilliti til loftslags og náttúru. Borg sem á sögu og segir sögu.



Náttúra útivist og mannvirki eldri sem yngri eiga að verða einkenni framtíðarborgarinnar.

Vinnustofur opnaðar í Hafnarhúsinu

Opnaðar hafa verið nýjar vinnustofur í Hafnarhúsinu þar sem listamenn og frumkvöðlar geta leigt húsnæði undir ýmiss konar starfsemi og sköpun. Tíu manna hópur úr viðskipta- og listageiranum stendur að verkefninu, sem nefnist Hafnarhaus og starfrækt verður á tveimur hæðum hússins næstu árin.

Alls er rýmið um þrjú þúsund fermetrar. Stefnt er að halda leiguverði í lágmarki en lagt er upp með að fermetrinn kosti 2.500 krónur á mánuði, auk 5.000 króna mánaðarlegs áskriftargjalds. Leiga á um tólf fermetra vinnustofu myndi þannig kosta 35.000 krónur á mánuði. Vinnustofurnar eru mismunandi að stærð en margar þeirra eru um það bil um 12 fermetrar. Frumkvöðull að þessu verkefni er Haraldur Þorleifsson sá sami og staðið hefur að baki samfélagsverkefninu að byggja rampa við hina ýmsu stað í Reykjavík til þess að auðvelda aðgengi fólks sem notar hjólastóla. Auk hans samanstendur tíu manna hópurinn að verkefninu. Þar á meðal Ragnar Kjartanssyni listamanni,



Hafnarhúsið – hús lista og skapandi greina.

Elísabetu Ronaldsdóttur klippara, Davíð Helgasyni fjárfesti og Magneu Einarsdóttur fatahönnuði. Umsóknir um vinnustofurnar fara

fyrir fimm manna nefnd skipaða fulltrúum Reykjavíkurborgar og stjórn Hafnarhaus.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali, leigumíðari
896 5222
ingolfur@valholl.is

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri, löggiltur
fasteignasali B.Sc
693 3356
heidar@valholl.is

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur, löggiltur
fasteignasali, skjalagerð
897 1339
hildur@valholl.is

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is

Hólmfríður Björvinsdóttir
Ritari
588 4477
ritari@valholl.is

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
STOFNÚD 1995

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali
BA í stjórnmálafræði
862 1110
hrafnhildur@valholl.is

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhús Stílisti
892 8778
anna@valholl.is

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is

Elin Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala
sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá öllum í fjölskyldunni

ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina!



ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA



UNO vatnsheld spil
3.490 kr.



Vatnsheld spil
2.950 kr.



Hitamælir m/bandi
(stór appelsínugulur)
3.000 kr.



Hitamælir gul önd
2.500 kr.



Hitamælir golfkúla
1.900 kr.

Nú eigum við okkar vinsælustu potta til á lager!



Geirslaug
279.000 kr.



Snorrslaug
299.000 kr.



Gvendarslaug
189.000 kr.



Unnarslaug
310.000 kr.



Sigurslaug
(kaldi potturinn)
135.000 kr.



Grettislaug
259.000 kr.



Algjör slökun!

Fljótandi „hengirúm“. Margir litir
3.900 kr.

Pottarnir okkar eru fáanlegir í nokkrum litum.

NORMX

Opið mánud. - fimmtud. 10 - 18 og föstud. 10 - 17

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og líta ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

NORMXA · Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Kamp Knox

- smánarblettur eða söguleg nauðsyn

Eftir heimsstyrjöldina 1939 til 1945 stóðu borgaryfirvöld í Reykjavík frammi fyrir miklum húsnæðisvanda. Fólki fjölgað ört af náttúrulegum orsökum og fjöldi fólks flutti til borgarinnar af landsbyggðinni í von um betra líf. Uppbygging húsnæðis hafði verið hæg og ekki gert ráð fyrir þeim fólksflutningum sem hafinn var í landinu þótt hann hafi verið augljós um nokkurt skeið. Borgaryfirvöld höfðu fá ráð til að taka við þessu fólki. Eitt neyðarráð kom þó upp í hendurnar á þeim við lok styrjaldarinnar og var óspart notað.

Á styrjaldarárunum byggðu Bretar og einkum Bandaríkjamenn mikinn fjölda hermanskála eða bragga víðs vegar um landið til að hýsa þann mikla fjölda hermanna sem hingað kom á stríðsárunum. Þessir skálar mynduðu oftast þyrpingar eða hverfi sem kölluð voru kampar sem dregið er af enska orðinu camps. Í Reykjavík voru reist um 80 braggahverfi með hátt í sex þúsund bröggum. Stærsti bragga kampurinn í Reykjavík var í Vesturbænum. Kallaðist Kamp Knox og stóð á svæðinu milli Kaplaskjólsvogar og Hofsvallagötu þar sem Hagamelur og Grenimelur eru í dag. Kampurinn var fyrst og fremst svefnstaður hermanna en nokkur þjónusta varð til í kringum þessa byggð. Má þar nefna kvikmyndahús, þvottahús, keilusal, rakarastofu auk annarrar þjónustu. Höfuðstöðvar bandaríska setuliðsins voru staðsettar í Camp Knox á stríðsárunum.

2300 íbúar í 543 bröggum

Við stríðslok 1945 hurfu hermennirnir á braut og braggarnir stóðu auðir eftir. Í húsnæðisneyð sem borgaryfirvöld áttu engin svör við gripu þau til þess ráðs að kaupa bragga af Bandaríkjamönnum til að leigja efnalitlu fólki. Árið 1947 keyptu borgaryfirvöld Camp Knox fyrir 415 þúsund krónur. Í fyrstu var litið á þetta sem skammtímalausn á ört vaxandi húsnæðisvanda en raunin varð allt önnur. Braggalaussin varð



Þann 16. desember 1950 fór fram verðlaunaafhending í jólakeppni í keilu í Bowlingskálunum í Kamp Knox í Reykjavík. Jóhann Eyjólfsson sem sigraði keppnina er trúlega til hægri á myndinni. Mynd: Ragnar Vignir.

mun lífseigari en til stóð. Í september 1944 bjuggu um 800 Reykvíkingar í bröggum og rúmum áratug síðar eða árið 1955 bjuggu 2300 bæjarbúar í 543 bröggum. Taldi Camp Knox þá 165 skála, stóra og smáa. Að geta fengið inni í bragga var skárri en ekkert. Braggarnir í Camp Knox voru notaðir undir leiguhúsnæði allt til ársins 1966 eða í nær tvo áratugi.

Burðarbitar steypdir í tunnu

Braggarnir voru byggðir á grind úr hálfhringlaga burðarbitum úr járn sem oftast voru steypdir ofan í tunnu eða bensínbrúsa sem bárujárn var síðan fest á. Oft var steypd gólf í skálunum en einnig var algengt að þeir væru með timburgólfi. Braggarnir voru illa einangraðir og því oft bæði rakir og kaldir. Utan frá séð litu braggarnir út eins og hálfar tunnur úr bárujárn með hurð og tveimur gluggum á öðrum gaflinum, stundum með bislagi fyrir forstofu.

Ruslahaugar og skólp í opnum skurðum

Umhverfið var ekki til fyrirmyndar. Samfelldir moldar- og ruslahaugar umluktu braggana á stórum svæðum. Til að byrja með fór allt skólp í opna skurði sem voru fullir af for. Úr því var þó bætt sumarið 1947 eftir að margar

kvartanir höfðu borist frá íbúum við Kaplaskjólsvog um óþrifnað í sambandi við umgengi og frárennsli frá Camp Knox. Heilbrigðislögreglan athugað ástandið og komst að því að kvartanimar voru á rökum reistar. Skólpleiðsla sú er setuliðið hafði lagt frá hverfinu á sínum tíma var ónýtt eða að minnsta kosti svo léleg að hún flutti ekki skólpið. Einn aðal skurðurinn lá fram með veginum heim að barnaheimilinu Grund og var ástandið talið hættulegt umferð barnanna. Dýpt forarinnar var allt upp í yfir hálfan metra í skurðinum. Þetta var hinn mesti viðbjóður og sóðaskapur sem sést hafði í höfuðborginni. Margoft var haft samband við verkstjóra bæjarins og skrifstofu bæjarverkefndinga en þessir aðilar treystu sér ekki að bæta úr ástandinu.

Málið til borgarstjóra

Barnavinafélagið Sumargjöf sem rak barnaheimilið Grund sendi bæjarverkefndingunni harðort bréf yfir ástandinu. Í lok árs 1947 var samþykkt í bæjarstjórn Reykjavíkur að fela borgarstjóra að hlutast til um að braggahverfunum væri séð fyrir nauðsynlegum tækjum til þrifnaðar, meðal annars að skolpræsi væru þar í lagi. Borgarstjóri vísaði málinu áfram til heilbrigðisnefndar sem ákvað að rannsaka ástandið



Börn að leik í Kamp Knox á sjöunda áratugnum skömmu áður en að kampurinn var rifinn. Mynd: Rúnar Gunnarsson.



Á góðviðrisdegi í Vesturbænum.

í herskálaverfunum á grundvelli fyrrgreindrar tillögu. Ágúst Jósefsson heilbrigðisfulltrúi framkvæmdi rannsóknina á útmánuðum 1948 með því að heimsækja allar íbúðir í bröggum, samtals 380 að tölu. Af þeim höfðu 189 vatnsleiðslu inn í íbúðina, 207 höfðu skólpleiðslu en vatnssalemi voru í 117 bragga íbúðum. Við útikamra við braggana voru aðstæður mjög óþrifalegar. Ágúst sagði eftir þessa yfirferð að vatns- og skólpleiðslukerfum í herskálaverfum væri svo ábótavant að brýn nauðsyn bæri til útbóta.

Rottur og heimilisofbeldi

Flóra mannlífsins hófst við í braggahverfunum og þá ekki síst

Kamp Knox. Þótt upphaf þeirra mætti að miklu leyti rekja til fólksflutninga af landsbyggðinni til Reykjavíkur var það síður en svo eingöngu fyrrum sveitafólk sem festi búsetu þar. Húsnæðisvandráðin voru slík að margir innfæddir Reykvíkingar áttu ekki í önnur hús að venda. Sveinn Þormóðsson ljósmyndari var einn þeirra sem þurfti að setjast að í bragga með fjölskyldu sinni. Hann bjó fyrst á Skólavörðuholtinu en þegar braggahverfið þar var rífið fékk fjölskyldan inni í bragga í Kamp Knox. Sveinn sagði frá því í blaðaviðtali á sínum tíma að nýi bústaðurinn hafi verið miklu betur innrétaður en bragginn á Skólavörðuholtinu. Einn galli hafi þó verið að gjöf Njarðar. Rottur



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

www.grantthornton.is

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Frárennismálin voru í miklum ólestri í Kamp Knox.

höfðust við á milli þilja „Þegar fór að hausta heyrðum við voðaleg læti, skrens og tíst. Þá voru stórar rottur á milli klæðningarinnar og járnins. Gauragangurinn var voðalegur en þær komu ekki inn til okkar. Ég setti upp völuðarbúr fyrir þær og egndi fyrir þær með haframjöli. Þegar við komum aftur eftir að hafa verið aðeins í burtu var búrið fullt af rottum og margar þeirra hlupu í burtu þegar ég kom inn. Ég hafði varla kjark til þess að drepa þær;“ sagði Sveinn í viðtalinu. Hann sagði að talsvert hafi verið um óreglu í bröggunum og háreysti og rifrildi af þeim sökum. Heimilisofbeldi hafi verið algengt og kvaðst hann oft hafa þurft að bjarga konum sem öskruðu á hjálp. „Ég gat ekki látið það ógert að skipta mér af því;“ sagði Sveinn. Hann sagði að ef konurnar voru ósáttar hefðu þær skvett úr skúringafötunum hjá nágrönnum sínum eða mokað mól og drasli yfir eigur þeirra. Skapsmunir hafi stundum ráðið för og aðstæður eflaust ýtt undir að þeim væri beitt. Hann sagði að sín börn hafi aldrei orðið fyrir aðkasti í skólanum þrátt fyrir að þau byggju í bragga. „Ég var alltaf svo bjartsýnn og trúði því að allt gengi vel. Ég varð ekki var við að litid

væri niður á okkur þegar við bjuggum í bröggunum. Sumt fólkið sem bjó þar var kærulaust en innan um var ágætis fólk.“

Engin einangrun, saggalykt og fúkki

Í bókinni Úr sól og eldi leiðinni frá Kamp Knox eftir Oddnýju Sen segir Ragna Bachman frá uppveiti sínum í hverfinu. „Kamp Knox var kynlegur spegill af veröldinni. Ég var ákaflega forvitin um nágranna mína í kampinum og ég man enn þann dag í dag eftir þeirri sérstöku lykt sem var af fólkinu í kringum mig. Það var sagt að braggabúar þekktust á lyktinni einni saman. Ástæðan var sú að það var engin einangrun í veggjum bragganna, þeir voru flestir þiljaðir með spónaplötum. Þegar kynnt var inni myndaðist því raki og fúkkalyktin settist í háir og klæðnað íbúanna. Lyktin hvarf ekki þótt gert væri hreint á hverjum degi. Hins vegar voru sumir braggar í Kamp Knox auðþekktir af dauillum fnyk. Þá blandaðist fúkkalyktin vínlykt og skólþlykt. Venjulega var mikil óreiða í kringum slíka bragga og ég lærði fljótlega að forðast fólkið sem þar bjó.

Einu sinni þegar ég var á ferð með leiksystrum mínum á braggasvæðinu tókum við eftir einkennilegri lykt úr einum bragganum. Við kíktum inn um gluggann og þar lá íbúinn látinn. Nokkru síðar var komin lögregla, sjúkrabíll og útfararstjóri. Maðurinn hafði legið þarna í eina þrjá daga. Þetta atvik hafði engin sérstök tilfinningaleg áhrif á mig, fyrir mér var þetta ósköp hversdagslegt. Á fullorðinsárum hafa viðbrögð mín við þessum atburði og öðrum sambærilegum vakið mig til umhugsunar um raunveruleg áhrif uppvaxtarskilyrða á fólk. Einn af mínum eftirlætis stöðum í kampinum var þvottahúsið sem var í stöðugri notkun. Mér fannst afskaplega gaman að dunda mér þar og fylgjast með. Þar var stór þvottavél á hjólum og áður en hún var sett í gang var vatnið hitað í sérstöku hitataeki. Síðan var þvotturinn settur í skolkör úr tré sem voru spengd saman með járnhring, svo var hann undinn í sérstakri vindu. Lyktin var alltaf góð í þvottahúsinu. Ein kvennanna í kampinum, sex barna móðir, tók að sér að þvo fyrir alla íbúana og lifði á því. Hún var auk þess spákona og spáði í bolla fyrir konunum. Mér þótti hún afskaplega sérkennileg í útliti en hún var með sterkustu fjarsýnisglæraugu sem ég hef séð. Augun virtust svo ofboðslega stór að mér sýndust þau ná út að glæraugnasþönginni. Ég botnaði ekkert í því hvernig hún gat gifst og eignast öll þessi börn með önnur eins glæraugu. Hún reykti mikið og mér er minnststætt að í stað þess að slá öskunni í bakka sló hún henni upp í sig og sagðist vera að ná sér í steinefni fyrir barnið sem hún gekk með.“

Braggahverfin leystu tímabundinn vanda

Einn núlifandi manna sem ólst upp í Kamp Knox er Helgi Vilhjálmsson athafnamaður kenndur við Góu. Helgi ræddi um líf sitt og störf við Vesturbæjarblaðið á liðnu hausti. Þar sagði hann meðal annars frá uppveiti sínum í Kamp Knox í Vesturbænum og dró ekkert undan. Þegar hann hafi sest niður með tíðindamanni í fundarherbergi Góu dró hann ramma undan hendinni og vildi sýna komumanni. Í rammanum var mynd af braggahverfinu þar sem hann ólst upp fyrir sjö áratugum. Hann vildi sýna komumanni æskustöðvarnar og birta mynd af þeim. Helgi var raunsær og sagði meðal annars að braggahverfin hefðu leyst tímabundinn vanda í sögu þjóðarinnar. Vanda sem ekki var séð fyrir hvernig annars hefði verið leystur.

Margvíslegir kvistir

Margvíslega kvisti mátti finna í Kamp Knox. Fólk af ýmsum



Helgi Vilhjálmsson í Góu var ekkert að draga undan þegar hann sýndi tíðindamanni Vesturbæjarblaðsins æskustöðvar sínar.



Ýmis kofaskrifli voru á milli sumra bragganna í Kamp Knox.

gerðum. Kröftugt og dugmikið fólk sem beið eftir að geta fundið sér betra húsnæði og einnig aðra sem tileinkað höfðu sér óstöðugan lífsstíl og áttu ef til vill ekki borð fyrir báru að skapa sér betri framtíð. Þó fór fjarri að það væru einkum afgangar þjóðfélagsins sem bjuggu þar. Um tíma dvöldu þekktir einstaklingar í Kamp Knox, listamenn og fleiri sem getið höfðu sér orðs og æðis fyrir hæfileika á ýmsum sviðum. Má þar nefna Þorvald Skúlason listmálara, Stein Steinarr skáld, Gunnar Huseby Evrópumeistara í kúluvarpi og Ástu Sigurðardóttir, skáld og listamann sem öll bjuggu þar um tíma. Þar mun Ásta hafa kynnst Þorsteini frá Hamri skáldi en þau voru þar um árabíl og eignuðust nokkur börn saman. Þá má geta þess að heimkynni hálfgerðra þjóðsagnapersóna, Jósefínu í Nauthól, Halldórs fíksala og Bóbó á Holtinu voru skammt undan og fólk sem þeim fylgdi og hefur áður verið fjallað um í Vesturbæjarblaðinu.

Smánarblettur eða söguleg nauðsyn

Margir litu á braggahverfin, ekki síst Kamp Knox, sem smánarblett á höfuðstaðnum. Því var fagnað þegar braggarnir voru rifnir og hreinleg byggð íbúðarhúsa reis í staðinn. Reykjavíkurborg stóð meðal annars fyrir byggingum í Bústaðahverfinu þangað sem Sveinn Þormóðsson flutti og einnig byggingu tveggja íbúðablokka við Meistaravelli örskammt frá gamla braggahverfinu. Eldra fólk man hvar Kamp Knox var í Vesturbænum. Hverfið átti sitt líf á árunum frá 1945 til 1965 eða um tveggja áratuga skeið. Enginn sá eftir því þegar það hvarf. Hverki íbúar sem flestir fengu betra húsnæði og einnig borgarþáttur sem margir skömmuðust sín fyrir að láta þessa búsetuhætti viðgangast svo lengi sem raun ber vitni. Eftir stendur spurningin um hvort braggahverfin hafi verið smánarblettur á Reykjavíkurborg eða söguleg nauðsyn í þróun þjóðfélags á Íslandi.



huggje

COFFEE & MICRO BAKERY
SELJAVEGI 2
101, REYKJAVÍK
OPIÐ ALLA DAGA 8-17



35 tungumál á menningarmóti í Landakotsskóla



Fjöldi barna var á menningarmóti í Landakotsskóla.

Í tilefni af alþjóðadegi menningalegrar fjölbreytni UNESCO var fjölbreytileikanum fagnað í Landakotsskóla á dögum með verkefni „Menningarmót - fljúgandi teppi“.

Menningarmótið er þverfagleg kennsluáferð hugsuð til þess að varpa ljósi á styrkleika og fjölbreytta menningu og tungumál nemendanna með skapandi hætti. Hugmyndafræði Menningarmótsins er í góðu samræmi við áherslur UNESCO um viðurkenningu á fjölbreyttri menningu og heimsmarkmið en þar segir meðan annars að menntun sem sé ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar. Kristín R. Vilhjálmsdóttir, kennari og með MA í hagnýtri menningarmíðlun er hugmyndasmiður verkefnisins. Hún hefur mótað Menningarmótið í meira en tvo áratugi og leiðbeint við að innleiða verkefnið í fjölmörgum leik-, grunn- og framhaldsskólum á Íslandi og í Danmörku.

Í Landakotsskóla hófst menningarmótið með fræðslu fyrir kennarahópinn. Síðan var Kristín með kynningar fyrir alla hópana og unnið var með menningarhugtakið gegnum ýmsar miðlunarleiðir um allan skólann. Menningarmót var svo haldið föstudaginn 20. maí þar sem afkrstur vikunnar var til sýnis. Foreldrum og forráðamönnum var boðið í heimsókn til að sjá og heyrna um verkefnið og um leið fá innsýn í þá fjölbreyttu menningu og hin ýmsu áhugamál barnanna. Það var sprellifandi stemning og nemendur ljómuðu í kapp við sólina sjálfa.

Landakotsskóli er UNESCO skóli og hefur skuldbundið sig til að vinna með heimsmarkmiðin og halda upp á að minnsta kosti þrjú alþjóðlega UNESCO daga. Allur skólinn tók þátt í móti á þessu sinni eða um 350 nemendur skólans. Á menningarmótiinu gálopuðu nemendur sína persónulega heima og allar þær „fjárjóðskistur“ sem börnin hafa að geyma og uppgötvuðu þannig með nýjum aðferðum öll hin fjöldamörgu tungumál sem eru töluð á meðal nemendanna, en um 35 tungumál eru töluð í skólanum.

Stór og fallegur tungumálaregnbogi var skapaður í lok vikunnar með öllum gildum nemendanna. Orðin vinátta, virðing, fjölbreytileiki, friður, sköpun, traust, umburðarlyndi, samvinna og hafa þau verið þýdd yfir á öll tungumál barnanna með aðstoð foreldra. Slíkt listaverk fylgir menningarmótsferlinu og er hugmyndin - að auki að það prýði vegg skólans á fallegan hátt - að nemendur skólans geti speglað sig í bæði gildum og tungumálum verksins.

Frá skólastjóranum Ingibjörgu Jóhannsd.: „Kennarar voru ánægðir með hversu einlægir og góðir kynnendur og hlustendur nemendur voru. Það er mjög verðmætt fyrir börnin að fá tækifæri til að segja frá sjálfum sér og sínum áhugamálum. Margt konar tengsl og þræðir myndast.

Vinaleikir í Vesturbæjarskóla



Frá vinaleikum í Vesturbæjarskóla.

Vinaleikar Vesturbæjarskóla voru haldnir að venju undir lok vorannar. Liðin hittust fyrst í peppinu þar sem þau fengu tækifæri til að velja nafn á liðið, búa til liðssönginn og ákveða búninga. Daginn eftir mættu liðin síðan hress og kát til leiks og tóku þátt í 24 leikjum sem kennarar voru búnir að undirbúa.

Nokkur börn í sjöunda bekk sáu um upphitunina fyrir leikana með dansi úti á skólalóð. Stöðvarnar voru fjölbreyttar eins og að klifra í köðlum, púttu, giska á

þyngd hluta, dans, söngur og flöskuflipp. Í hádeginu voru grillaðar pylsur og allir fengu ís og ávexti í eftirrétt. Veittar voru sérstakar viðurkenningar fyrir peppaðasta liðið, jákvæðasta liðið, mesta stuðliðið og flottustu búninga. Í ár var það liðið „Fljúgandi apar“ sem fékk flest stig og hampaði Vinaleikabikarnum. Öll börn skólans fengu verðlaunapening sem þau hafa verið að búa til síðustu vikur.

Tíundu bekkingar kveðja Landakot



Tíundu bekkingar með útskriftarskríteinu sín.

Þessir myndarlegu krakkar stunduðu nám í tíunda bekk í Landakotsskóla á liðnum vetri. Þau útskrifuðust á dögum og hafa nú lokið námi í grunnskóla.

Nú liggur leiðin í framhaldsskóla en þar eru ýmsir

vegir og brautir í boði. Fátítt er orðið að námsferli ljúki við lok grunnskóla en ýmsir hafa þó áhyggjur af tæpu gengi ungs fólks þegar lestrargeta er annars vegar. Í Landakotsskóla hefur verið lögð áhersla á fjölbreytni í námi.

Á hjálparmennum 1717 starfa sérþjálfarar sjálfbæringar sem eru alltaf til taks

Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

GB TJÓNAVIÐGERÐIR

Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttinda- og málingarverkstæði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bilgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.

Við þjónustum allar gerðir bíla

Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingarfélagi.

Rétting og máln

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst itrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaeigubíla á staðnum

Vinum með öllum bílaumboðum

2020 2021

BGS Framfarisverandi fyrirtæki

SÍÓVA TM VÍR Vörður

Hafðu samband núna

Drögáís 6-8 567-0690 tjon@tjon.is www.tjon.is

Íbúar við Vatnsstíg óhressir með ónæði

- verið að byggja á fimmta tug íbúða



Horft framán á fyrirhugaðar nýbyggingar frá Vatnsstíg. Gulu húsin lengst til hægri standa við Laugaveg. Mynd Zeppelin arkitektar.

Íbúar og atvinnurekendur við Vatnsstíg eru óhressir með framgang framkvæmda á byggingarreit við götuna. Telja framkvæmdirnar hafa staðið lengi eða í yfir í tæpt ár eða mun lengur en upphaflega hafi staðið til. Á sama tíma hafi haldið íbúum og verslunareigendum í götunni í gíslingu. Fólk hafi sýnt framkvæmdunum skilning í upphafi en að ástandið væri orðið slæmt.

Byggingarstjóri verksins kveðst hafa mikla samúð með fólki sem býr í nágrenninu og skilning á að fólk líði illa í þessum aðstæðum. En því miður verði röskun

þegar unnið sé að endurbygginginu húsa inn í miðri borg. Alltaf megi þó hafa betra sambandi við fólk. Á reitnum er verið að reisa tvö hús með á fimmta tug íbúða, bílakjallara og þakgarði. Framkvæmdir við verkið hafa tafist nokkuð eða allt að þremur mánuðum. Tafirnar stafa að einhverju leyti af því að klöppin undir byggingarsvæðinu reyndist mun harðari og erfiðari viðureignar en gert var ráð fyrir. Verklök liggja ekki fyrir en gert er ráð fyrir að þau verk sem valdið hafa ónæði verði lokið um áramót.

Vill breyta Einarsnesi 36 í íbúðarhúsnæði



Einarsnes 36 þar sem Bike Cave var til húsa.

Hjördís Andrésdóttir sem rekið hefur Bike Cave eða hjólahellirinn við Einarsnes í Skerjafirði hefur sótt um leyfi til að breyta húseigninni við Einarsnes 36 í íbúðarhúsnæði en hún hætti rekstri veitingastaðarins á liðnu vori.

Húsnæðið við Einarsnes 36 hefur hýst ýmsan rekstur um áratuga skeið. Fyrst var í húsinu KRON verslun Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis sem opnaði í kringum 1940 og á síðari árum Verslunin Skerjaver sem margir muna eftir. Árið 2007 ákváðu Hjördís og fjölskylda að loka hverfisbúðinni og breyta húsnæðinu í kryddverksmiðju sem rekin var í átta ár. Eftir það opnaði hún veitingastaðinn Bike Cave sem höfðaði einkum til hjólaeigenda og hjólandi fólks. En nú ef af verður muni íbúar taka við að atvinnumenskunni.

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

UMFÍ

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ MEÐ FJÖLBREYTTUM ÍÞRÓTTAGREINUM
FYRIR 11-18 ÁRA. TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

UNGLINGA
LANDSMÓT
UMFÍ

SELFOSS
29.-31. JÚLÍ

ALLT UM
MÓTIÐ Á
ULM.IS



Nýr kaupsamningur um Ægi og Tý



Týr og Ægir hlið við hlið í Sundahöfn. Hugsanlega verður þeim siglt innan tíðar þótt það verði trúlega ekki til gæslustarfa.

Nú mun verið að ganga frá nýjum kaupsamningi um sölu á varðskipunum Ægi og Tý. Eins og kom fram í síðasta Vesturbæjarblaði féllu Ríkiskaup frá sölu á skipunum.

Salan á skipunum tveimur var heimiluð í lok ársins 2019. Þau síðan sett í sölu um haustið 2021. Í febrúar á þessu ári höfðu tvö tilboð borist í skipin og í apríl var tilkynnt að tilboð í skipin hafi verið samþykkt. Tilboðið var bindandi og unnið var að drögum að kaupsamningi. Fallið frá sölnunni þar sem væntanlegur kaupandi gat ekki staðið við tilboðið. Þeir kaupendur sem nú hyggjast festa kaup á varðskipunum tveimur eru þó þeir sömu og gerðu kaupsamningið upprunalega sem ekki var samþykkt þá.

Droplaugarstaðir 40 ára



Margt var til gaman gert á afmælisdegi Droplaugarstaða.

Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir er 40 ára. Heimilið tók til starfa 30. júní 1982. Íbúar, aðstandendur, starfsfólk og aðrir velunnarar Droplaugarstaða fögnuðu tímamótunum með litríkri garðveislu á afmælisdaginn.

Í dag búa 83 einstaklingar á Droplaugarstöðum og allir í sérþýli með baði. Mikil áhersla er lögð á að skapa heimilislegt umhverfi. Húsnæðið er á fjórnum hæðum og þar er sólarhringsþjónusta og nýtur hver heimilismaður umönnunar hjúkrunarfræðings og sjúkraliða eða annars starfsfólks. Auk þess að sinna hefðbundinni þjónustu hjúkrunarheimila er þar deild fyrir einstaklinga með heilabilun og sérhæfð hjúkrunardeild fyrir einstaklinga með MND. Litið er á vægi þess að mynda tengsl og hefur hver heimilismaður tengil sem er milliliður í samskiptum við aðstandendur, starfsfólk og lækni. Hvort sem litið er til íbúa, aðstandenda eða starfsfólks á Droplaugarstöðum er þar lögð áhersla öryggi, virkni og vellíðan. Borin er virðing fyrir íbúum heimilisins og markvisst unnið í anda þess að virða rétt íbúanna, óskir þeirra og áhugamál. Árið 2021 voru að meðaltali 162 starfsmenn í 115 stöðugildum. Í hópnum eru hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, félagsliðar, sjúkrahjálparar, iðjuþjálfarar og annað starfsfólk með fjölbreytta reynslu og menntun. Droplaugarstaðir er annað tveggja hjúkrunarheimila sem Reykjavíkurborg rekur en hitt er Seljahlíð í Breiðholti.



Jórunn Frímansdóttir forstöðukona Droplaugarstaða afhendir pakka.



Einar Þorsteinsson formaður borgarráðs mætti á staðinn.



Heimilisfólk og starfsfólk þáðu veitingar í tilefni dagsins.

FALLEGIR LEGSTEINAR

ERUM FLUTT

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið 11-16
alla virka daga

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188



Netverslun:
systrasamlagid.is

Allt í góðu sett upp á Lækjartorgi

- er í röð fimm útisýninga á vegum Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík

„Allt í góðu lagi er útilistaverk sem sett hefur upp verið á vegg Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg. Allt í góðu er fimmta og lokaútgáfa Hjólsins, sem hélt af stað 9. júní síðastliðinn en Hjólið I-V er röð fimm útisýninga á vegum Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík sem hafa verið haldnar víðsvegar um borgina frá sumrinu 2019, í aðdraganda hálftrar aldar afmæli félagsins, þann 17. ágúst 2022.

Hugmyndin um vaktmanninn er að baki útilistaverksins. Vaktmaðurinn kemur úr fornri hugmynd um vaktmann „town crier“ sem gekk um borgir á miðöldum og kallaði upp hvernig tímanum leið á klukkustundarfresti. Og kallaði síðan upp „all is well“ eða allt í góðu til þess að fólkið geti sofið rótt,“ segir Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, sýningarstjóri.

Ulrika Sparre er höfundur Allt í góðu. Hún býr og starfar í Stokkhólmi í Svíþjóð. Hún notast við fjölbreytta miðla í listsköpun sinni, m.a. texta, skúlptúr, innsetningar og margt fleira en auk þess hefur hún unnið fjölda verkefna í almenningssými víðsvegar um Evrópu og Kanada. Hún telur að neytlusamfélag nútímans boði gjarnan falskar lausnir til að róa mannsheilann og bæla ótta okkar en á tímum óvissu. Ulrika Sparre tekur upp hlutverk kallarans sem telur okkur trú um skilyrðislaust öryggi og ró. Kristín Dagmar segir að Héraðsdómur Reykjavíkur hafi orðið fyrir valinu vegna þess að þar fara fram dómur og þar er farið eftir lögum í landinu. Ákveðnar hugmyndir um að vernda okkur sem borgara í landinu. En það er líka ákveðin tvíráðni í þessu, fólk getur líka spurt: „Er allt í góðu?“



Allt í góðu á vegg dómhússins við Lækjartorg.

Frítt í sund fyrir börn

- miðnæturopnun í Laugardalslaug



Laugardalslaug.

Frítt verður í sundlaugar Reykjavíkurborgar fyrir börn á grunnskólaaldri frá og með 1. ágúst 2022. Borgarráð hefur samþykkt tillögu þess efnis frá menningar-, íþrótt- og tómsundaráði. Einnig var samþykkt tillaga um miðnæturopnun á fimmtudagskvöldum í Laugardalslaug, frá og með 4. ágúst næstkomandi, til áramóta.

Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar segir í fyrstu aðgerðum að ókeypis verði í sund

fyrir börn á grunnskólaaldri; aðgengi borgarbúa á öllum aldri að sundlaugum borgarinnar sé brýnt lýðheilsuáttál. Þessu verður nú hrint í framkvæmd og verður jafnframt boðið upp á endurgreiðslu á kortum sem foreldrar og forráðamenn hafa keypt, jafnt 10 miða kortum og 6 eða 12 mánaða kortum fyrir börn. Kostnaðarauki vegna þessa á árinu er áætlaður 12 milljónir króna auk allt að 7,4 milljóna í endurgreiðslur. Kostnaðarauki fyrir árið 2023 er áætlaður 30 milljónir króna.

TAKTU SUMARFRÍ á hverjum degi



Allir jógapakkinn
Liðleiki og styrkur sumar, vetur, vor og haust.



Innra og ytra

Kristalsvatnsflöskur
20% sumarafsláttur



Dekraðu við þig
Fallegt úrval af gæða
baðdekurvörum.
Taktu sumarfrí á hverjum degi.

Mandölur gefa lífinu gildi
Falleg orð og tákn fylgja
út í lífið.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Nýjar stúdenta- íbúðir við Lindargötu



Áformað er að byggja nýtt þriggja hæða steinhús við Lindargötu 44. Félagsstofnun stúdenta stendur að verkefninu. Félagsstofnunin sótti um leyfi til borgarinnar í apríl um að byggja á lóðinni stúdentagarð með 10 einstaklingsíbúðum, þrjár hæðir með kjallara undir hluta. Húsið veður mitt á milli stúdentagarða sem eru í eigu FS og kemur í stað eldra húss sem verður rífið.

Á jarðhæð verður félagsaðstaða fyrir stúdenta með tengingu út í sameiginlegt útsvæði. Leitast er eftir við hönnun hússins að Lindargötu 44 að fyrsta hæð hússins verði opin og í góðri tengingu við aðliggjandi útsvæði, að öðru leyti skal ytra útlit hússins endurspegla mýkt í efnisvali sem andstæðu við aðliggjandi hús, t.d. timbur, þá skal þak Lindargötu 44 vera klætt

grasi. Að götu við Lindargötu 44 verður afmarkaður byggingarreitur fyrir djúpgáma.

Þannig mun nýja húsið við Lindargötu 44 líta út að byggingu lokinni.



Systrasamlagið

Netverslun:
systrasamlagid.is

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS

1717



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

Rauði kross Íslands

Laugarnar í Reykjavík



Líf og fjör

í laugunnum!

Sýnum hvert öðru tillitssemi og höfum gaman



Ný stjórn KKR tekin til starfa



Á myndinni eru frá vinstri til hægri: Hjalte Mór Einarsson varaformaður, Sigríður Ólafsdóttir ritari, Matthías Orri Sigurðarson gjaldkeri og afreksráð, Egill Ástráðsson, Ellert Arnarson formaður, Ingimar Guðmundsson í barna- og unglíngaráði, Darri Freyr Atlason fyrsti varamaður og formaður afreksráðs og Soffía Hjördís Ólafsdóttir í afreksráði.

Mynd: Gunnar Sverrisson.

Ný stjórn körfuknattleiksdeildar KR hefur formlega tekið til starfa og var fyrsti fundur stjórnarinnar á Meistaravöllum fyrir skömmu.

Ellert Arnarson, nýr formaður körfuknattleiksdeildar KR að ákveðin kynslóðaskipti séu að eiga sér stað hjá deildinni og það sé mikill heiður að fá traustið til að leiða starfið áfram. „Það er mikill hugur í nýrri stjórn. Þarna er saman kominn hópur af uppöðlum KR-ingum með mikla ástríðu og metnað fyrir félaginu.

Við horfum bjartsýn fram á veginn og finnum fyrir gríðarlega miklum meðbyr allt í kringum okkur,” segir Ellert á heimasíðu KR. Fyrstu mál nýrrar stjórnar verða leikmanna- og þjálfaramál deildarinnar og er sú vinna í fullum gangi. Vonandi verður tíðinda að vænta í þeim efnunum á næstu dögum. Einnig hefur verið stofnað nýtt afreksráð körfuknattleiksdeildar KR er sjá um málefni bæði meistaraflokks karla og kvenna sem og afreksstefnu KR körfu alveg niður í yngri flokka.

Violet Morrow til KR

Körfuknattleiksdeild KR samdi á dögnum við bandarísku leikkonuna Violet Morrow um að leika með meistaraflokki kvenna á næsta tímabili. Violet kemur til liðsins frá Apenu/UMFK og spilaði hún því í fyrstu deildinni í fyrra. Þar var hún með 29 stig, 15 fráköst og 3 stoðsendingar á rúmlega 30 leikmínútum.

Violet er öllum hnútum kunnug á Íslandi, en hún spilaði einnig með Breiðablik í Dominos deildinni leiktímabilið 2019 til 2020. Þar skoraði hún 22 stig og tók 12 fráköst. Hörður Unnsteinsson, þjálfari meistaraflokks kvenna segir á heimasíðu KR að Violet komi til með að hjálpa liðinu gríðarlega á báðum endum vallarins. „Hún er aggressífur sóknarmaður sem setur mikla pressu á varnir andstæðingana með styrk sínum, en hún er einnig öflug á varnavelli og mun reynast okkur mikil styrking í frákastabaráttunni þeim megin á vellinum,” segir Hörður.



Jordan Semple til KR

Körfuknattleiksdeild KR hefur samið við Jordan Semple um að leika með meistaraflokki karla á næsta keppnistímabili. Semple lék með ÍR-ingum á síðasta tímabili og stóð sig vel.

Jordan Semple er franskur kraftframherji, 30 ára gamall og 201 cm á hæð. Hann hefur leikið á Finnlandi, Spáni, í Svíþjóð, Búlgaríu og í heimalandi sínu, Frakklandi.

Á síðasta tímabili lék Jordan 14 leiki með ÍR í Subway-deildinni, hann skoraði 20,1 stig, reif niður 9,6 fráköst, gaf 3,4 stoðsendingar og var með 26,7 í framlag að meðaltali í leik.

Á heimasíðu KR segir Helgi Mór Magnússon, þjálfari meistaraflokks karla:

“Við Jakob erum virkilega ánægðir að hafa fengið Jordan til liðs við okkur fyrir komandi tímabil. Hann er skilvirkur leikmaður, hreyfir sig vel og er mjög fjölhæfur á báðum endum vallarins.”



Hér má sjá Aldís á móti sem fram fór í Gautaborg í júní.

Aldís Rún og Davíð með silfur

Aldís Rún Lárusdóttir og Davíð Jónsson fengu silfur í einliðaleik á Færeyjaleikunum. Bæði töpuðu þau fyrir grænenskum andstæðingum í úrslitaleik. Aldís tapaði í úrslitum fyrir hinni grænensku Juliane Schmidt en Davíð tapaði fyrir Grænendingnum Ivik Nielsen.

Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir varð í öðru sæti í einliðaleik stúlkna og í þriðja til fjórða sæti í einliðaleik kvenna. Davíð og Ellert voru í sigurliði Íslands í liðakeppni karla. Aldís, Kristín og Anna Sigurbjörnsdóttir voru í kvennaliðinu sem fékk brons í liðakeppni. Davíð og Magnús Gauti Úlfarsson urðu í öðru sæti í tvíliðaleik karla, og má sjá hetjustig sem þeir skoruðu í undanúrslitum á fésbókarsíðu færeyska sambandsins. Ellert Kristján Georgsson og Stella Karen Kristjánsdóttir urðu í öðru sæti í tvenndarleik en Davíð og Aldís fengu brons.

Startaðu ferðasumarið með **TUDOR**

Rafgeymar í húsbíla og hjólahýsi fyrir ferðalagið í sumar

TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA - ALLA LEIÐ

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • [WWW.VOFVERSLUN WWW.SKORRI.IS](http://WWW.VOFVERSLUN.WWW.SKORRI.IS)

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



www.kr.is



Gerðu
frábær
kaup!

SUMAR MARKAÐS- DAGAR


25-50%

afsláttur af völdum vörum

25%
afsláttur
af reiðhjólum



25%
afsláttur
af gagnvarinni furu



30-50%
afsláttur
af garðhúsgögnum



30%
afsláttur
af útileguvörum



Skannaðu kóðann og
skoðaðu tilboðin á byko.is

SAMAN Í
60 ÁR

BYKO